



Fundargerð

217. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði miðvikudaginn 14. desember 2016 kl. 11:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Fráveitumál a) Lagnaleið
2. Innkomi erindi
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 11:06

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Fráveitumál a) Lagnaleið

Framkvæmdastjóri fór yfir framlagðar yfirlitsmyndir með mögulegum lagnaleiðum fráveitu verði farið í að tengja saman lagnakerfið með útrás í Lagarfljót. Þá kynnti framkvæmdastjóri þann möguleika að leggja fráveituna úr Fellabæ yfir í mögulegt dæluvirki/hreinsivirki niður af Melshorni.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela framkvæmdastjóra að fara í viðræður við landeigendur varðandi framlagða hugmynd um lagnaleiðir og lóð undir dæluvirki/hreinsivirki og undirbúa nauðsynlegar skipulagsbreytingar.

2. Innkomin erindi

a) Framfarafélagið – Matjurtaverkefni- styrkumsókn. Stjórn samþykkir samhljóða að leggja verkefninu til, árið 2017, allt að kr 100.000,- til greiðslu ráðgjafakostnaðar.

b) Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi á spildu úr landi Ketilsstaða á Völlum fyrir ferðaþjónustusvæði milli Höfðaár og Stóruvíkur: Gert er ráð fyrir tengingum á heitu og köldu vatni frá HEF ehf. Miðað við framlögð gögn er óljóst varðandi hve mikið magn er um að ræða til mögulegrar afhendingar á heitu vatni til húshitunar og köldu neysluvatni. Stjórn HEF ehf. telur mögulegt að afhenda heitt vatn til húshitunar og



neysluvatn með fyrirvara um magn og það verði gerður samningur með magntölum og tímasetningum áður en af stað er haldið.

Samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

a) Framkvæmdastjóri óskaði eftir leiðréttingu á fráveitugjöldum 2017 til samræmis við breytingu á byggingavísitölu 130,2.

Gjald fyrir tengingar 4-6“ verður kr. 192.608,-

Gjald fyrir tengingar allt að 8“ verður kr. 232.644,-

Rotþróargjöld < 4,5 m³ verður kr. 17.180,-

Rotþróargjöld 4,5-6,5 m³ verður kr. 24.689,-

b) Drög að leigusamningi við Vatnajökulspjóðgarð. Framkvæmdastjóra falið að ganga við til samninga á grunni framlagðra draga.

c) Áætluð verklok í Tjarnarbrautarverkinu verða í þessari viku.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:21

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.